



03.02.2025  
HÖNNUNARSAFNIÐ  
SEM HEIMILI  
AT HOME IN  
THE DESIGN MUSEUM

# Fræðslustarf 2025 Hönnunarsafn Íslands

# Fræðsla í Hönnunarsafninu 2025

Fræðslustarf árið 2025 fór kröftuglega af stað og metfjöldi skólabarna heimsótti safnið þetta ár, auk þess sem safnið ferðaðist með fræðsluverkefni um landið í meira mæli en áður.

Þetta var annað árið í átaksverkefni á vegum Menningarráðuneytisins í kjölfar nýrrar Hönnunarstefnu Íslands. Það hefur sýnt sig að fræðslustarf Hönnunarsafnsins er einn öflugasti farvegurinn til að efla hönnunarlæsi barna í skólakerfinu, ef tryggja á markmið nýju Hönnunarstefnu Íslands sem gildir til ársins 2030.

Enn fremur er unnið í þéttu samstarfi við kennara að því að virkja hæfniviðmið í námskrá sem snúa beint að hönnun, listhandverki, skapandi hugsun og þverfaglegu frumkvöðlastarfi.

Hönnunarsafnið vann markvisst að því að auka aðgengi barna óháð búsetu og fjárhag, eins og Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna kveður á um.

Á árinu efldi safnið samvinnu við List fyrir alla, grunnskóla víða um land, barnamenningarhátíðir, fræðsluteymi annarra safna og aðrar stofnanir.

Fræðslustarf Hönnunarsafnsins náði til alls **2078** grunnskólabarna, **248** menntskælinga og **151** háskólanema árið 2025. Þar að auki kom fjöldi barna í fylgd foreldra á skapandi smíðjur, opnanir og viðburði.

Við göngum björt inn í nýtt ár og vonum að þetta gjöfula starf sé rétt að byrja, enda af nógu að taka og viðtökur hafa verið vonum framar.

# ÞYKJÓ

## fræðsla í teymisvinnu

### undir stjórn Sigríðar Sunnu Reynisdóttur

Sigríður Sunna Reynisdóttir var ráðin til að leiða fræðslu og miðlun í Hönnunarsafninu í janúar 2024. Árið 2025 var því hennar annað ár í starfi. Við ráðningu var lagt upp með að hönnunarteymi hennar, ÞYKJÓ, kæmi á fjölbreyttan hátt að fræðslustarfinu.

Í hönnunarteymi ÞYKJÓ má finna barnameningarhönnuð, arkitekt, fatahönnuð, grafískan hönnuð og leikjahönnuð og því gjöfult að geta kallað ólíka hönnuði inn í fræðslustarfið á Hönnunarsafninu eftir því sérsviði sem verkefnin krefjast hverju sinni - af fagfólki sem er vant að miðla til barna.

Árið 2025 komu Ninna Þórarinsdóttir, vöruhönnuður og barnameningarhönnuður og Amelie Scheepers arkitekt og kennari mest að þróun nýrra fræðsluverkefna og leiddu smiðjur fyrir fjölda skólahópa í samstarfi við Sigríði Sunnu.



# Dúkkulísufatahönnun!



# Dúkkulísufatahönnun

## Fræðsluverkefni tengt sýningunni *Barbí fer á Hönnunarsafnið*

„Það var einmitt svona sem ég byrjaði að hafa áhuga á fatahönnun - í gegnum dúkkulísur sem ég fann og byrjaði að hanna föt á.“

- Stefán Svan Aðalheiðarsson  
Fatahönnuður og smiðjuleiðbeinandi

Fræðsluverkefnið Dúkkulísufatahönnun var þróað í tengslum við gestasýninguna *Barbí fer á Hönnunarsafnið* sem opnaði á Safnanótt í febrúar 2025. Sýningin hlaut mikla og góða aðsókn og vakti athygli fyrir að tengja kynslóðir saman og höfða vel til barna.

Fræðsluverkefnið var unnið af ÞYKJÓ í samtali við sýningarstjóran Heru Guðmundsdóttur, Sigríði Sigurjónsdóttur safnstjóra og fatahönnuðina Thelmu Björk Jónsdóttur og Stefán Svan Aðalheiðarson.

Fræðsluverkefnið var upphaflega unnið fyrir Barnamenningarhátíð Garðabæjar vorið 2025. Allir 4. bekkingar í grunnskólum bæjarins tóku þátt í aðdraganda hátíðarinnar. Afurðir úr skapandi smiðjum voru sýndar á Barnamenningarhátíðinni og HönnunarMars í apríl 2025.

Í kjölfarið var börnum úr 5. - 7. bekk úr öðrum sveitafélögum boðið í heimsókn og hefur smiðjan verið vel sótt af grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu.

Til viðbótar prufukeyrði safnið samstarf við nýja barnamenningarhátíð á Vesturlandi; Barnó. Í tengslum við hátíðina var grunnskólanemendum í Borgarnesi og fjölskyldum á Akranesi boðið upp á smiðjuna sem vakti mikla lukku og hvetur okkur til dáða áfram á sömu braut.



Leiðsögn með leiðbeinendum Ninnu og Stefáni um sýninguna *Barbí fer á Hönnunarsafnið* - sögustund og ferðalag

# Ferðalagið

## Flogið í huganum og farið á flug

Nemendur fá leikandi leiðsögn um sýninguna *Barbí fer á Hönnunarsafnið*. Handrit leiðsagnarinnar er eftir Sigríði Sunnu og er byggt upp með aðferðum söguaðferðar (e. storytelling).

Gestir fara í ímyndað ferðalag á milli landa, sem tengjast hverjum fatahönnuði sem er kynntur til sögunnar. Við „fljúgum“ fyrst til skosku hálandanna þar sem Kormákur og Skjöldur hafa fengið innblástur fyrir ullarjakkafötin sín, ferðumst til Japan þar sem Sigmundur Freyr nam textílaðferðir, stoppum við í París þar sem Thelma Björk saumaði út fyrir tískuhús - og svo framvegis.

Í kjölfarið fá nemendurnir að spreyta sig á skapandi hönnunaráskorun í fræðslurými safnsins. Hver bekkur vinnur heildstæða fatalínu fyrir dúkkulísur, en innbyrðis fær hver nemandi skapandi rými til að tjá sinn persónulega stíl.





**Skapandi smiðjan Dúkkulísufatahönnun með leiðbeinendum Ninnu Þórarinsdóttur og Stefáni Svan Aðalheiðarsyni**

## Markmið heimsóknar

- Kynna íslenska samtíma fatahönnun
- Efla meðvitund um ferli hönnunar og framleiðslu (frá hugmynd til afurðar)
- Opna glugga inn í textíl og handverk
- Vinna sem einstaklingur inn í fatalínu

## Hugtök sem eru kynnt

- Textíll (ólík efni og áferðir)
- Fatalína og árstíðir (e. collection)
- Snið og sníðagerð
- Sjálfbærni og umhverfisvernd



Sýnishorn af fatalínum 4. bekkinga sem voru sýndar á Barnamenningarhátíð og á HönnunarMars í apríl 2025

# DÚKKULÍSUVEISLA

## Sýning á Barnamenningarhátíð og HönnunarMars 2025

Dúkkulísuveisla var samsýning allra nemenda í 4. bekk í grunnskólum Garðabæjar. Hver bekkur hafði unnið sína fatalínu í samvinnu; hvert barn hafði unnið heildress á eina dúkkulísu í takt við þema síns bekkjar.

Fatalínurnar voru æði fjölbreyttar, sumar voru hugsaðar sem vetrartíska, aðrar voru sumarlegri. Það var ávallt einn litur sem þræddi saman dúkkulísur hvers bekkjar (túrkís, gulur, grænn o.s.frv.) og einn ríkjandi textíll (gallefni, blúnda, ull, leður, hör o.s.frv.).

Börnunum fannst mörgum upphefð í því að eiga verk á sýningunni og voru spennt að sjá hvað aðrir bekkir höfðu gert.

Sýningin opnaði á Barnamenningarhátíð við hátíðlega athöfn. Börn úr Barnaskóla Hjallastefnunnar voru fulltrúar nemenda sem unnu verkin á vormisseri. Þau opnuðu sýninguna formlega með því að klippa á borða með bæjarstjóra Garðabæjar.

Hönnunarsafnið leggur metnað sinn í að börn upplifi að sýningar á verkum þeirra skipi jafn mikinn heiðursess og aðrar sýningar á safninu.

Sýningarhönnun, útstilling og sýningartexti eru unnin af fagfólki og sama viðhöfn er höfð á sýningaropnunum og þegar fullorðnir eiga í hlut - ræðuhöld, veitingar og hátíðleiki.



**Styrkur til að bjóða rútuferðir hefur skipt sköpum til að tryggja aðgengi skóla með torveldum almenningssamgöngum**

# Dúkkulísufatahönnun Grunnskólar 2025

Fossvogsskóli

Melaskóli

Waldorfskólinn Lækjarbotnum

Hólabrekkuskóli

Laugalækjaskóli

Húsaskóli

Klébergsskóli

Barnaskóli Hjallastefnunnar

Selásskóli

Landakotsskóli

Ísaksskóli

Alþjóðaskólinn

Hofsstaðaskóli

Sjálandsskóli

Flataskóli

Urriðaholtsskóli

Álftanesskóli

Grunnskólinn í Borgarnesi og fjölskyldur á Akranesi á BARNÓ

# ELDBLÓM X ÞYKJÓ



# Hvernig dans varð vöruhönnun

## Samstarf við List fyrir alla og ferðalag til barna á Vestfjörðum

*Geta blóm sprungið út á himninum? Getur manneskja breytt sér í flugeld? Eru tengsl á milli flugelda og blóma?*

Fræðsluverkefnið „Hvernig dans varð vöruhönnun“ varð til á Hönnunarsafninu í tengslum við samnefnda rannsóknardvöl Sigríðar Soffíu Níelsdóttur í Safninu á Röngunni vorið 2024

Markmiðið var að opna augu barna fyrir því hvernig frjóar hugmyndir geta hoppað á milli listforma og hönnunargreina, allt frá dansverkum til flugeldasýninga og vöruhönnunar.

Verkefnið var þróað í samstarfi þriggja Sigríða; fræðslufulltrúa safnsins Sigríðar Sunnu Reynisdóttur, danshöfundarins Sigríðar Soffíu Níelsdóttur og safnstjórans Sigríðar Sigurjónsdóttur.

Verkefnið var valið inn í dagskrá hjá List fyrir alla skólaárið 2024 - 2025 og í því góða samstarfi gat Hönnunarsafnið boðið öllum 5. bekkingum úr Hafnafirði að njóta verkefnisins á safninu í janúar 2025.

Í framhaldinu fór verkefnið á flakk um Vestfirði og náði til allra barna í 1.-10. bekk á Ströndum og sunnanverðum Vestfjörðum. Glæsileg sýning á afurðum barnanna var opnuð á Minjasafninu á Hnjóti í apríl 2025.

Verkefnið sýndi mikilvægi þess að jafna aðgengi barna að hönnun óháð búsetu og efnahag og er hvati til að halda áfram þeirri vegferð. Samstarfið við Minjasafnið var einnig afar vel heppnað og verður áfram leiðarljós.



Öll börn í 5. bekk í Hafnafirði komu í heimsókn á Hönnunarsafnið í fræðsluverkefnið hjá Eldblóm x ÞYKJÓ



**Sigga Soffía flutti einleik sinn á Vestfjarðarkjálkanum og í kjölfarið var skapandi smíðja í boði fyrir alla nemendur.**

# Ferðalagið

## Framkvæmdin

Þær Sigga Sunna og Sigga Soffía tóku á móti börnum á Ströndum í félagsheimilinu á Hólmavík, og heimsóttu svo Reykhólaskóla í kjölfarið.

Ferðalagið endaði á Minjasafninu á Hnjóti þar sem börn frá Patreksfirði, Tálknafirði og Bíldudal komu með rútum í skapandi smiðjur og fræðslu. Börnin fengu einleikinn *Hvernig dans varð vöruhönnun*, leiðsögn um Minjasafnið og skapandi smiðju ÞYKJÓ.

Lokahnykkurinn var opnun sýningarinnar *Vesturhiminn* sem stóð svo yfir allt sumarið 2025.





MINJASAFN

## Markmið heimsóknar

- kynna hönnun sem hugtak
- efla meðvitund um hönnunarsögu
- opna glugga inn í heim vöruhönnunar
- efla frumkvöðlafærni og tilraunagleði
- ræða störf framtíðar og þverfaglegt samstarf

- skapa upplifun fyrir öll skilningarvit
- hvetja til sjálfbærni og garðræktar
- samanburður á skala (1:1 og 1:300)
- kveikja forvitni fyrir náttúrunni
- ögra hugmyndum um safnaheimsókn



# Vesturhiminn

## Samsköpun barna á Ströndum og sunnanverðum Vestfjörðum 2025

*Vesturhiminn* er samsýning barna á Vestfjörðum sem tóku þátt í smiðjum Eldblóm og ÞYKJÓ á vegum Hönnunarsafnsins í samstarfi við List fyrir alla og Minjasafnið á Hnjóti.

Alls tóku 232 nemendur þátt í verkefninu úr grunnskólunum á Hólmavík, Drangnesi, Reykhólum, Finnbogarstaðaskóla, Tálknafirði, Bíldudal og Patreksfirði.

Verkið minnir á blómabreiðu, þar sem hvert blóm er unnið af einu barni á aldrinum 6-15 ára. Ef litið er á blómin frá öðru sjónarhorni má ímynda sér að þau séu flugeldar á næturhimni, líkt og Eldblóm vinnur með.

Sýningin opnaði með pompi og prakt á Minjasafninu á Hnjóti með fulltrúum barnanna og fullum sal af gestum.

Í opnunarræðu sinni talaði forstöðukona Minjasafnsins, Inga Hlín Valdimarsdóttir, um hversu margt safnið hefði lært af fræðslustarfi Hönnunarsafnsins og þetta hefði orðið til þess að kveikja neista í þeirra eigin fræðslustarfi.

Allt var til fyrirmyndar í kynningarstarfi og urðu mikil samlegðaráhrif við að kynna þetta fræðsluverkefni samtímis á miðlum Hönnunarsafnsins, List fyrir alla, Minjasafnsins á Hnjóti, Þykjó og Eldblóma. Einnig var fjallað um sýningu Siggú Soffíu í Kastljósi og fleiri fjölmiðlum.



**Hátíðleg opnun sýningarinnar Vesturhiminn á Hnjóti, með fulltrúum barna af Ströndum og Suðurfjörðum Vestfjarða.**

# **Eldblóm x Þykjó**

## **Grunnskólar 2025**

**Engidalsskóli**

**Lækjaskóli**

**Hvaleyraskóli**

**Setbergsskóli**

**Áslandsskóli**

**Skarðshlíðaskóli**

**Öldutúnsskóli**

**Hraunavallaskóli**

**Grunnskólinn á Hólmavík**

**Grunnskólinn á Drangnesi**

**Finnbogastaðaskóli**

**Reykhólaskóli**

**Grunnskólinn á Bíldudal**

**Grunnskólinn á Tálknafirði**

**Grunnskólinn á Patreksfirði**

**Hugsað út  
fyrir  
kassann!**



# Hugsað út fyrir kassann!

## Fræðsluverkefni í tengslum við Safnið á Röngunni haustið 2025

Nemendum á miðstigi í grunnskóla er boðið að ganga inn í töfrandi heim tilraunaglaða frumkvöðulsins Einars Þorsteins Ásgeirssonar í tengslum við skráningu á verkum hans í Safninu á röngunni.

Í skólaheimsóknum kynnast nemendur því hvernig hönnuðurinn helgaði líf sitt stærðfræðilegum rannsóknum sem gátu af sér form fyrir glerhjúpinn á Hörpu tónlistarhúsi, fyrstu kúluhús Íslands og geimfarartæki fyrir NASA. Hann var sömuleiðis langt á undan sinni samtíð hvað varðar hugmyndir um sjálfbærni og borgarskipulag og tók þátt í að hanna fyrsta vistvæna þorpið í Danmörku sem hlaut alþjóðleg verðlaun.

Það var einmitt Einar Þorsteinn sem sagði „Ég nota módel til að gera tilraunir, ég geri tilraunir til að skilja“ - sem eru einkunnarorð fræðslu í Hönnunarsafninu.

Að lokinni leiðsögn og fræðslu taka nemendur þátt í skapandi smíðju sem hönnunarteymið ÞYKJÓ leiðir.

Heimsóknin hefur snertifleti við ýmis hæfniviðmið í námskrá

### **Stærðfræði:**

-gert óformlegar rannsóknir á tví- og þrívíðum formum, teiknað skýringarmyndir af þeim og hlutum í umhverfi sínu

### **Hönnun og myndlist:**

-dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar

-unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit



**Leiðsögn hefst strax á jarðhæð, leiðir í gegnum sýninguna Hönnunarsafnið sem heimili og inn á Safnið á Röngunni.**

# Einar Þ. Ásgeirsson

## Arkitektúr og stærðfræði

### Framkvæmdin

Heimsóknin hófst á leiðsögn um fastasýninguna *Hönnunarsafnið sem heimili*, þar sem sérstaklega var stoppað í vinnuherberginu - vinnustofu Einars Þorsteins Ásgeirssonar.

Í kjölfarið kíkti hópurinn í heimsókn á Safnið á Röngunni þar sem Jóhanna Ásgeirsdóttir miðlaði á líflegan og fróðlegan máta hvers hún varð vísari við að skrásetja gripi í eigu safnsins frá Einari Þorsteini. Sérstök áhersla var á tengsl rúmfræði, nýsköpunar og hönnunarhugsunar. Í kjölfarið var gengið yfir í fræðslurými safnsins til að gera tilraunir.





**Að leiðsögn lokinni er tími til að sannreyna einkunnarorð Einars Þorsteins sem eru rituð á vegg Smiðjunnar og eru leiðarljós**

## Markmið heimsóknar

- Kynna arkitektúr sem fag
- Kynna þverfaglegt frumkvöðlastarf Einars Þorsteins Ásgeirssonar
- Veita innsýn í skráningu og varðveislu
- Sýna stærðfræði í samhengi hönnunar

## Hugtök sem eru kynnt

- Fjöflötungar, rúmfræði og fang
- Skali 1:50 - líkanagerð
- Frumkvöðull - hönnunarhugsun
- “Við skiljum með höndunum”
- Deiliskipulag



# DRAUMAÞORP

## Sýning á Barnamenningarhátíð haustið 2025

*Draumaporp* var sýning á afurðum úr smiðjunum „Hugsað út fyrir kassann“ með 4. bekkungum í Garðabæ haustið 2025. Sýningin opnaði á Barnamenningarhátíð bæjarins og stóð áfram yfir í vetrarfríum skóla víða á höfuðborgarsvæðinu.

Almar Guðmundsson bæjarstjóri opnaði sýninguna með pompi og prakt, fulltrúar nemenda klipptu á borða og voru heiðursgestir.

Sýningarhönnun var í höndum ÞYKJÓ en fræðslurými safnsins var umbreytt í svokallað Draumaporp, með byggingum í skalanum 1:25 eftir grunnskólabörn.

Deiliskipulag Draumaporpsins byggði á uppdráttum eftir Einar Þorstein Ásgeirsson sem er safngripur í eigu Hönnunarsafnsins. Nemendur fengu að ímynda sér að þau væru arkitektar á stofu sem fengju úthlutaða lóð í þessu deiliskipulagi og leystu sameiginlegt verkefni fyrir reitinn.

Hér reis tónlistarhúsið Hip Hop, torg með gosbrunnum og klukkuturni, yfirbyggt hátíðarsvæði fyrir 17. júní, fjölbýlishús sem er bara fyrir stelpur - og gæludýr á þakinu -, trúarhús af ýmsum stærðum og gerðum og fjölbreyttir leikvellir.



**Sýningin Draumaporpið, sem opnaði á Barnamenningarhátíð í Garðabæ haustið 2025**

„Það væri fallett  
að horfa upp og  
sjá rigningu á  
þakinu.“

„Þetta tónlistarhús heitir  
HipHop, sjáðu, það er  
stórt hljóðfæri inni í,  
það er líka hægt  
að spila tónlist  
fyrir utan á  
torginu og  
leika  
sér.“

„Okkar hús er bara  
fyrir stelpur...  
og gæludýr,  
þau fá sér  
lítið hús  
uppi á  
þaki“

# Hugsað út fyrir kassann

## Grunnskólar 2025

Alþjóðaskólinn

Barnaskóli Hjallastefnunnar

Sunnulækjaskóli

Vallaskóli

Urriðaholtsskóli

Álftanesskóli

Hofsstaðaskóli

Sjálundsskóli

Flataskóli

Barnaskólinn á Eyrarbakka

Flóaskóli

Þjórsárskóli

Kerhólsskóli

# Heimurinn heima - á ferð og flugi



# Heimurinn heima

## Skapandi smíðja fyrir skólahópa

Heimurinn heima er fræðsluverkefni þróað af vöruhönnuðunum Kristínu Maríu Sigþórsdóttur og Auði Ösp Guðmundsdóttur. Það var unnið í samtali við Þóru Sigurbjörnsdóttur, fyrrum sérfræðing safneignar, og Sigríði Sigurjónsdóttur, forstöðumann Hönnunarsafnsins og einn af sýningarstjórum sýningarinnar „Hönnunarsafnið sem heimili“.

Hugmyndin var að þróa safnfræðslu fyrir 3.- 5. bekk grunnskóla í tengslum við yfirstandandi fasta sýningu safnsins, „Hönnunarsafnið sem heimili“.

Nemendur eru settir í hlutverk hönnuða og þurfa í sameiningu að hanna hús fyrir ákveðinn aðila.

Fyrst var verkefnið einungis í boði fyrir grunnskólanemendur í Garðabæ en með styrknum frá Menningarmálaráðuneytinu var það þróað áfram með smíðjum fyrir grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu.

Verkefnið hefur einnig verið útfært í vikulangt námskeið fyrir ungmenni í vetrar- og sumarfríum, sem og stuttar fjölskyldusmíðjur.

Haustið 2024 var útbúin „farandútgáfa“ af þessari smíðju fyrir skóla á landsbyggðinni. Auður Ösp tók tvö tímabil árið 2025 þar sem hún flakkaði á milli grunnskóla Suðurlands.



Vöruhönnun og innanhúsarkitektúr, svipmyndir af líkönum í skala 1:25

# Smiðjan

## Framkvæmdin

„Nú eru þið hönnuðir sem eruð að fara að hanna hús fyrir ákveðinn einstakling“. Nemendur fara í hvíta sloppa og Fræðslurýmið er sett upp sem hlýleg hönnunarstofa.

Bekkurinn fær eitt módel af húsi og aðgang að svökölluðum „nammibar“ sem er fullur af girnilegum efnivið sem nýta má í módelgerð.

Nemendurnir draga upplýsingar úr hatti; nafn þess sem á að búa í húsinu, hvað viðkomandi starfar, hverju hann safnar, áhugamál og gæludýr. Þetta eru oft framandi nöfn, spennandi starfsheiti og furðuleg gæludýr.

Nú þarf bekkurinn að skipuleggja sig í samstarfi við leiðbeinendur og hanna heimilið á 80 mínútum. Þeir taka til dæmis að sér að hanna garðinn, einn baðherbergið og svo koll af kolli.



## Markmið heimsóknar

- setja sig í spor hönnuða
- setja sig í spor notenda sem hannað er fyrir
- kynna grunnhugtökum í innanhússhönnun og ræða um heimili
- finna skapandi lausnir í teymisvinnu

## Hugtök sem eru kynnt

- Heimili
- Innanhússarkitektúr
- Húsgagnahönnun
- Skali / Hlutföll (1:25)

# Farandútgáfa - safn á faraldsfæti!



# **Grunnskólar 2025**

**Barnaskóli Hjallastefnunnar**

**Landakotsskóli**

**Háteigsskóli**

**Fossvogsskóli**

**Sunnulækjaskóli**

**Stekkjaskóli**

**Vallaskóli**

**Barnaskólinn á Eyrarbakka**

**Kerhólaskóli**

**Flóaskóli**

# Skissa / Skysssa



# Skissa / Skyssa

## Skapandi smiðja fyrir skólahópa

„Að teikna er að sjá“ eru fleyg orð eignuð prófessor Betty Edwards sem skrifaði samnefnda bók. Skissa / Skyssa er teiknismiðja sem eflir núvitund ungmenna, skerpir eftirtekt og þjálfar formskynjun og hönnunarlæsi.

Smiðjan byggir á „slow looking“ aðferðafræði þar sem söfn aðstoða gesti í hröðum samtíma við að fara hægar yfir og gefa safngripum betur gaum.

Starfsmenn Hönnunarsafnsins sátu slíka „slow looking“ vinnustofu með Claire Brown á Museum Next ráðstefnunni í London í júní 2024 og smiðjan byggir á þeirri þekkingu.

Fræðslufulltrúi safnsins, Sigríður Sunna Reynisdóttir, þróaði smiðjuna sérstaklega fyrir heimsóknir nemenda í STEAM áfanga í 8. bekk í Garðaskóla, í samstarfi við kennara þar. Í kjölfarið var öllum nemendum í 8. bekk í Garðabæ boðið á smiðjuna.

Nemendur þjálfu augu í að greina form hönnunargripa og æfa hendur í að móta form í leir í kjölfarið. Áhersla er lögð á að ekki sé hægt að gera mistök - þessi skissa má vera skyssa.

Teikniverkefnið var útfært af grafíska hönnuðinum Unu Maríu Magnúsdóttur.



Teikniverkatni  
Hvað sérðu?

<p>Gripur: <i>Soley</i> Hönnuður: <i>Valdimar Harðarsson</i></p>	<p><i>10/11/24</i> <i>Gvirostur</i></p> <p><i>4.9/24</i> <i>Limona</i></p> <p>Gripur: <i>Gerjun</i> Hönnuður: <i>P?</i></p>
<p>Gripur: <i>Mokkastell</i> Hönnuður: <i>Hedi Brkic</i></p>	<p>Gripur: <i>Prøfile</i> Hönnuður: <i>Tinna Gunnars</i></p>



8. bekkingar þjálfar formskynjun og efla hönnunarlæsi á smiðjunni Skissa / Skyssa

# Markmið heimsóknar

- efla hönnunarlæsi
- virkja augu fyrir formtungumáli
- kynna “slow looking” hugmyndafræði
- kynna tengsl hönnunar og handverks

- þjálfar núvitund á safni
- skerpa eftirtekt
- tengja hug og hönd
- efla sjálfstæð vinnubrögð


# Smiðjan

## Framkvæmdin

Nemendur fá stutta innlögn frá fræðslufulltrúa áður en gengið er inn í sýninguna Hönnunarsafnið sem heimili. Tónlist eftir arkitekta hljómar í bakgrunni og lagt upp með að unnið sé án þess að tala saman, hver á stund fyrir sig. Nemendur velja sjálfir gripi til að teikna og velja hvort þeir standi eða sitji á stólum.

Í kjölfarið er farið inn í Fræðslurýmið þar sem tvívíðar skissur eru færðar yfir í þrívíðar skissur í leir. Það hefur vakið athygli starfsfólks hversu mjög unglingar fagna því að fá að vinna í leir með höndunum og segjast sakna þess í skólanum. Margir hafa farið innblásnir af smiðjunni og talað um að ætla að halda áfram heima.





8. bekkingar fara frá því að skissa form á blað yfir í að móta þrívíðar skissur í leir

# **Grunnskólar 2025**

**Garðaskóli**

**Alþjóðaskólinn**



**Urriðaholtsskóli**

**Álftanesskóli**

**Hofsstaðaskóli**

**Fossvogsskóli**

**- auk fjölda menntaskóla og háskóla**



# Fyrirlestur um vöruhönnun

- með Þórunni Árnadóttur

Sú nýlunda var árið 2025 að bjóða 10. bekkingum sérstaklega upp á fyrirlestur, með vöruhönnuðinum Þórunni Árnadóttur.

Fyrirlesturinn var hugsaður sem starfskynning fyrir þá sem eru að útskrifast úr grunnskóla og byrja að máta sig við val á framhaldsskóla og mögulega starfi í framtíðini.

Þórunni þekkja margir af Pyropet kertunum og náði hún vel til unglínganna með erindi sitt.



# Kynningarstarf - samtal og samvinna

## Kynning á Uppsprettunni 2025


Haustið 2025 tók Hönnunarsafnið þátt í Uppsprettunni á Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi. Þar var fræðslufulltrúi safnsins með stutt erindi fyrir kennara þar sem fræðslustarf vetrarins var kynnt.

Auk þess var fræðslufulltrúi og menningarfulltrúi Garðabæjar með pop-up kynningarbás ásamt fleiri stofnunum þar sem gestir og gangandi gátu kynnt sér starfið og tekið með sér útprentað kynningarefni.

## Öll börn með! Barnameningarráðstefna

Fræðslufulltrúi safnsins tók þátt í Barnameningarráðstefnunni Öll börn með! á Akranesi í nóvember.

Safnfræðsluteymi Hönnunarsafnsins hafði frumkvæði að því að blása lífi í hóp fræðslusérfræðinga á söfnum. Þær buðu hópnum á Hönnunarsafnið í nóvember á sýningu í fræðslurýminu. Þetta er dýrmætt net fræðslufólks þar sem reynslu og þekkingu í safnfræðslu er miðlað á milli. Í kjölfarið þéttust raðirnar og fleiri stofnanir hafa nú boðið heim.



**Fræðslufulltrúi safnsins og menningarfulltrúi Garðabæjar á Uppsprettunni og Barnamenningarráðstefnunni Öll börn með!**

**ÖLL BÖRN MEÐ!**  
Ráðstefna lykilfólks í barnamenningu  
13. nóvember 2025



# Öll börn með!

## Ráðstefna og gjörningur

Fræðslufulltrúi Hönnunarsafnsins og menningarfulltrúi Garðabæjar sóttu ráðstefnuna „Öll börn með! - Ráðstefna lykilmál í barnamenningu“ á Akranesi í nóvember 2025

Verkefni Hönnunarsafnsins, Eldblóm x ÞYKJÓ var notað sem innblástur fyrir táknrænan lokagjörning ráðstefnugesta. Hver þátttakandi vann sitt þykjó eldlóm með skilaboðum um mikilvægi barnamenningar. Blómvöndurinn var afhentur Loga Einarssyni ráðherra.



# Skapandi sunnudagssmiðjur

fyrir fjölskyldur

Hönnunarsafnið býður fjölskyldur velkomnar á skapandi smiðjur fyrsta sunnudag hvers mánaðar kl 13-15 í Fræðslurými sínu.

Smiðjurnar eru fjölbreyttar og ávallt leiddar af fagfólki í hönnun eða listhandverki.

Áhersla er lögð á tengingu við mismunandi hönnunargreinar, kynna verkfæri hönnuða og tengja yfirstandandi sýningum á safninu.



# Sunnudagssmiðjur

Starfsárið 2025

## Vor 2025

- *Draumasundlaug* með Unnari Ara
- *Skartgripir* með Mörtu Stawarowska
- *Hljóðfærahönnun* með Fiðlu-Hansa
- *Dúkkulísur* með ÞYKJÓ
- *Bangsastóll* með Friðriki Steini

## Haust 2025


- *Bókasmíðja* með Joao & Fernanda
- *Draumalandslag* með DLD X ÞYKJÓ
- *Fjöflötungar* með Þórunni Árna
- *Jólagrafík* með Unu Maríu
- *Pikarkökutízka* með ÞYKJÓ
- *Áramótahattar* með H\_A\_G\_E



Fjölskyldusmiðja 02.03.2025 13:00–15:00

## HLJÓÐFÆRAHÖNNUN


Fjölskyldusmiðja með  
Fiðlu-Hansa



Fjölskyldusmiðja 06.04.2025 13:00–15:00

## KERAMIK

Fjölskyldusmiðja með  
Hönnu Dís



Fjölskyldusmiðja 04.05.2025 13:00–15:00

## BANGSASTÓLL

Fjölskyldusmiðja með  
Friðriki Steini



Smiðja 02.02.2025 13:00–15:00

## SKARTGRIPAHOENNUN

Fjölskyldusmiðja með  
Mörtu



Fjölskyldusmiðja 05.10.2025 13:00–15:00

## DRAUMALANDSLAG

Fjölskyldusmiðja með  
ÞYKJÓ X DLD



Fjölskyldusmiðja 28.12.2025 13:00–15:00

## ÁRAMÓTAHATTAGERÐ

MEÐ HAGE STUDIO

# Kynningarstarf á samfélagsmiðlum

HÖNNUNARSAFN Posts



View Insights [Boost post](#)

Liked by unamariam and 84 others

honnunarsafn Áramótahattar - Fjölskyldusmiðja er orðin árviss hefð á Hönnunarsafninu og brestur á þann 29. desember kl 13-15. Smiðjan er leidd af hattagerðameisturunum Önnu Gullu og Harper sem mynda hönnunarteymið @h\_a\_g\_e\_studio . Þau sérhæfa sig í hönnun og handverki hatta með áherslu á náttúrulegan efnivið. H A G E eru með bækestöðvar sínar í Köllingared í Svíþjóð og Reykjavík.


Hönnunarsafn Íslands 9+

Posts About Videos More

Skartgripahönnuðurinn Marta Staworowska leiðir börn og fjölskyldur inn í nýtt ár með heilagrip á smiðju í dag kl 13-15 á Hönnunarsafninu. Aðgangur er ókeypis og öll velkomin!

"Aquarius season is a perfect time to set up good energy for a new year and put all of your good thoughts and wishes into an amulet. Lucky charm that will recall it with every spark"  
- Marta Staworowska

Ljósmyndir: Sigga Ella



honnunarsafn





View Insights [Boost post](#)

Liked by stocktoon and 17 others

honnunarsafn Fjölskyldudagskrá Hönnunarsafnsins hefst með smiðju í körfugerð næstkomandi sunnudag, 1. september kl 13-15. Smiðjan opnar glugga inn í heillandi heim körfugerðar og er leidd af Guðrúnu Pétursdóttur sem lýkur senn vinnustofudvöl á safninu.

# Kynningarstarf á samfélagsmiðlum



# BJÓÐANDI ÁSÝND

## Hönnunarsafn fyrir börn

Að mæta barnafjölskyldum og skólum betur



Eitt af því sem hefur verið unnið með síðasta ár er að skoða betur hvernig ásýnd safnsins getur verið bjóðandi (e. inviting) fyrir börn og aðstaða fyrir fjölskyldur bætt.

Á meðal þess sem hefur verið lagað er hljóðvistin í fræðslurýmiinu, en þar var mikill glymjandi. Nú hafa verið settar upp hljóðvistarlausnir í loftið sem breytir aðbúnaði til muna.

Bókasafnið okkar hefur verið gert aðgengilegt gestum, en með því að færa bókahillurnar úr skrifstofu inn í fræðslurýmið hvetur það fólk til að doka lengur við og koma oftar. Sömuleiðis er hugað betur að sófum og fjölbreyttum leskrókum til að dvelja í.

Fræðslufulltrúar huga að því að vera með leikboð (e. invitation to play); þar sem búið er að stilla út hönnunarbókum og leikjum. Þetta á sérstaklega við í vetrarfríum og sumarfríum.





Í Vinnuherberginu á fastasýningunni *Hönnunarsafnið sem heimili* er nú krítarveggur sem börn taka fagnandi!